

Konur og karlar 1975–2005

Women and men in Iceland 1975–2005

Samantekt

Sameinuðu þjóðirnar útnefndu árið 1975 sem alþjóðlegt ár kvenna og skyldi árið helgað jafnrétti, þróun og friði. Hér á landi sem víðar voru jafnréttismál mikið til umfjöllunar, staða kynja var skoðuð og tillögur settar fram til að jafna hlut kynjanna í samfélaginu. Eitt af því sem hæst bar þetta ár var Kvennafrídagurinn 24. október. Þann dag lögðu konur hér á landi niður vinnu með eftirminnilegum hætti til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns í þjóðfélaginu.

Í þessu hefti Hagtíðinda *Konur og karlar 1975–2005* er þess freistað að skoða með tölum hvernig staða kynja hefur þróast yfir þetta þrjátíu ára tímabil og hver hún er í dag en hagtölur gegna mikilvægu hlutverki við að ná fram markmiðinu um jafnrétti kynja. Horft er til árána 1975, 1985, 1995 og 2005 með tilliti til mannfjöldans, heilsu, vinnumarkaðar, launa- og tekna og áhrifastaða. Hér er einungis stiklað á stóru. Grunnurinn eru sjö megintölur en auk þess er efninu gerð skil í myndum og texta. Ekki reyndust sambærilegar tölur alltaf tiltækar viðmiðunarárin og er sums staðar byggt á tölum sem eru sem næst þeim í tíma. Er einkum stuðst við gögn Hagstofunnar en einnig nokkrar aðrar heimildir. Í október 2004 gaf Hagstofan út Hagtíðindaheftið *Konur og karlar 2004* og er þar að finna ítarlegri umfjöllun en hér er.

Ljóst er að margvíslegar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu á þessum þrjátíu árum. Aldurssamsetning, fjölskylduaðstæður og lífsvenjur hafa breyst með mismunandi afleiðingum fyrir konur og karla. Stórsókn kvenna á menntaveginum og á vinnumarkaðnum hafa ýtt undir þá þróun sem orðið hefur á dagvistarmálum, fæðingarorlofi og félagsaðild launþegasamtaka og stjórnun þeirra. Eftir sem áður er vinnumarkaðurinn kynskiptur. Stórt bil er enn milli atvinnutekna kvenna og karla og munur á meðaltímakaupi kynjanna meðal verkafólks og afgreiðslufólks hefur lítið breyst á tímabilinu. Laun kvenna sem hlutfall af launum karla voru árið 2004 frá 63% til 98% af launum karla, mismunandi eftir hópum og launaviðmiðunum. Konur hafa haslað sér völl víða og eru komnar til áhrifa í samfélaginu en það skortir enn á að það sé til jafns við karla.

Mannfjöldi

*Hlutfall þeirra yngri minnkar en
aldraðra eykst*

Aldursskipting þjóðarinnar og fjölskylduaðstæður hafa breyst á tímabilinu sem hér um ræðir. Þannig voru 40% kvenna undir tvítugu árið 1975 en eru nú 29%. Aldurshópurinn 20–64 ára hefur vaxið úr 50% í 58% og 65 ára og eldri úr 10% í 13%. Þróunin er svipuð hjá körlum.

*Lækkandi fæðingartíðni og
hækkandi meðalaldur mæðra*

Fæðingartíðnin hefur lækkað úr 2,6 börnum á ævi hvernar konu 1975 í 2,0 árið 2004 en er þó enn með því hæsta sem þekktist í Evrópu. Meðalaldur mæðra við fæðingu fyrsta barns hefur hækkað úr 22 árum í 26 ár. Þá hefur meðalgingaraldur



við fyrstu hjónavígslu einnig hækkað á tímabilinu úr 23 árum í 31 ár hjá konum og úr 25 árum í tæp 34 ár hjá körlum. Tíðni hjónavígslna á 1.000 íbúa lækkaði úr átta árið 1975 í fimm árið 1985 og hefur verið svipuð síðan. Tíðni hjónaskilnaða hækkaði hins vegar nokkuð frá 1975 til 1985 eða úr 1,8 á þúsund íbúa í 2,2 en lækkaði síðan aftur og er nú 1,9 á 1.000 íbúa.

6.600 konur og 5.600 karlar með fæðingarorlofsgreiðslur

Ný tilhögun greiðslna í fæðingarorlofi tók gildi 1. janúar 2001 sem gerir báðum foreldrum kleift að taka fæðingarorlof. Árið 2004 fengu rúmlega 6.600 konur og 5.600 karlar greiðslur vegna fæðingarorlofs hjá Tryggingastofnun ríkisins. Árið 1995 fengu 10 karlar en yfir 5.000 konur greiðslur vegna fæðingarorlofs.

Óvígð sambúð verður æ algengari


Skipting kjarnafjölskyldna eftir fjölskyldugerð hefur breyst á tímabilinu. Hluttur hjóna með börn hefur minnkað úr 56% 1975 í 33% 2004 á sama tíma sem óvígð sambúð með börn hefur aukist úr 3% í 12%.

Einstæðum mæðrum fjölgar

Hlutfall mæðra með börn eykst á sama tímabili úr 10% kjarnafjölskyldna í 15% en hlutfall feðra með börn helst óbreytt eða 1%.

Mynd 1. Kjarnafjölskyldur 1975–2004

Table 1. Nuclear families 1975–2004



Ný lög um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir 1975

Ný lög um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir voru sett árið 1975, sem heimiluðu fóstureyðingar af félagslegum ástæðum jafnt sem læknisfræðilegum og ófrjósemisaðgerðir voru heimilaðar 25 ára og eldri að eigin ósk. Árið 1975 voru framkvæmdar 274 fóstureyðingar, 705 árið 1985, 807 árið 1995 og 908 árið 2004.

Ófrjósemisaðgerðum karla fer ört fjölgandi


Lengst af voru það aðallega konur sem gengust undir ófrjósemisaðgerð og það er fyrst nú í seinni tíð að karlar fari í vaxandi mæli í slíkar aðgerðir. Um leið fækkaði aðgerðum kvenna. Alls voru framkvæmdar 201 ófrjósemisaðgerðir árið 1975, hjá konum eingöngu, en árið 2003 voru þær 365 hjá konum og 262 hjá körlum.

Meðalævilengd hefur aukist meira hjá körlum en konum

Sem fyrr er meðalævilengd kvenna nú lengri en karla en bilið milli kynja hefur minnkað og hefur meðalævilengd karla aukist hlutfallslega meira en kvenna á tímabilinu 1975–2004. Er bilið milli kynja nú 3,5 ár en var 5,9 árin 1971–1975. Stúlkur við fæðingu geta nú vænst þess að verða 82,7 ára en drengir 79,2 ára.

Mynd 2. Ævilíkur við fæðingu 1971–2004

Table 2. Life expectancy at birth 1971–2004

**Heilsa****Reykingar fara minnkandi hjá báðum kynjum**

Lífsvenjur eins og mataræði, hreyfing, reykingar og neysla áfengis hafa áhrif á heilsu fólks. Reykingar hafa farið minnkandi með árunum og bilið milli kynja styst í þeim efnunum. Til eru sambærilegar upplýsingar um reykingavenjur aftur til ársins 1987 en það ár reyktu 31% kvenna og 36% karla 15–79 ára daglega. Árið 2004 reyktu 19% kvenna og 22 % karla daglega.

Fólki yfir kjörþyngd fjölgað – körlum meira en konum

Fólki yfir kjörþyngd hefur farið hlutfallslega fjölgandi síðustu árin en mælingar úr manneldiskönnunum eru til fyrir árin 1990 og 2002. Á því tímabili hækkaði hlutfall kvenna yfir kjörþyngd úr 34% í 39% og karla úr 39% í 57%. Of feitum konum fjölgaði úr 9% í 12% og körlum úr 7% í 13% á sama tíma.

Svipaður fjöldi kvenna og karla greinast með krabbamein

Þróun nýgengis krabbameina var svipuð hjá konum og körlum á heildina litið tímabilið 1974–2003. Árlegur fjöldi nýrra tilfella tvöfaldaðist á tímabilinu en breytingin var minni ef miðað er við aldursstaðlað nýgengi á 100.000 íbúa. Skýrist fjölgun nýrra tilfella að hluta á því að þjóðin er að eldast. Árin 1999–2003 greindust 592 konur og 595 karlar að meðaltali á ári með krabbamein.

Öryrkjum fjölgað – herra hlutfall kvenna en karla eru öryrkjar


Öryrkjum hefur farið fjölgandi og er hlutfall kvenna herra en karla í þeim hópi. Árið 1995 voru 6% kvenna og 4% karla 16–66 ára öryrkjar en 8% kvenna og 5% karla árið 2004.

Kynjamunur á dánartíðni vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi fer minnkandi

Helstu dánarmein eru nú sem fyrr sjúkdómar í blóðrásarkerfi (aðallega hjarta- og heilaæðasjúkdómar) og illkynja æxli (krabbamein). Dánartíðni vegna illkynja æxla var hærri hjá körlum en konum 1975 og 1985 en þetta hafði snúist við árið 2003. Dánartíðni af völdum sjúkdóma í blóðrásarkerfi var hærri hjá körlum en konum allt tímabilið. Tíðnin fór hækkanði hjá báðum kynjum milli 1975 og 1985 en hafði lækkað árið 1995 og enn meira árið 2003, hlutfallslega meira hjá körlum en konum og bilið því minnkað milli kynja. Fleiri karlar en konur deyja af slysförum en tíðni þeirra dauðsfalla hefur lækkað bæði hjá konum og körlum á síðustu áratugum.

Mynd 3. Dánartíðni vegna illkynja æxla og sjúkdóma í blóðrásarkerfi 1975–2003

Figure 3. Death rates from malignant neoplasms and diseases of the circulatory system 1975–2003




Menntun

Helmingur 3-5 ára í leikskóla 1981 – níu af hverjum tíu í dag

Tölur um fjölda barna í leikskólum (dagheimili hér meðtalin) eftir aldri eru tiltækar aftur til ársins 1981. Það ár voru 9% barna 0–2 ára á leikskólum en 39% árið 2004. Árið 1981 voru 52% 3–5 ára barna á leikskólum en nú lætur nærri að hvert 3–5 ára barn sæki leikskóla eða 94% barna á þeim aldri árið 2004. Tölurnar sýna að umtalsverð breyting hefur orðið á dagvistarmálum undanfarna þrjá áratugi.

Mynd 4. Börn á leikskólum í hlutfalli af aldursflokkum 1981–2004

Figure 4. Children in pre-primary institutions as percent of age-group 1981–2004



Jöfn kynjaskipting á framhaldsskólastigi nú sem fyrr


Kynjaskipting nemenda á framhaldsskólastigi hefur verið svo til jöfn allt frá árinu 1975. Þá voru karlar 51% nemenda og konur 49%. Árið 2004 var þessu öfugt farið, því konur voru þá 51% nemenda.

Hlutfurð kvenna á háskólastigi úr
48% í 63%

Á háskólastigi hefur orðið veruleg breyting á síðustu áratugum. Hlutfall kvenna meðal nemenda hefur vaxið jafnt og þétt úr 48% árið 1975 í 63% árið 2004. Þá hefur hlutfall kvenna meðal námsmanna erlendis hækkað úr 33% árið 1977 í 48% árið 2004.

Mynd 5. Nemendur á háskólastigi og erlendis 1975–2004

Figure 5. Students at tertiary level and abroad 1975–2004




Kynjaskipting stúdenta jöfn
1975 – stúlkur nú 63 %
stúdenta

Árið 1975 útskrifuðust jafnmargar stúlkur og piltar með stúdentspróf. Skólaárið 2003/04 voru stúlkur 63% nýstúdenta. Kynjamunurinn verður enn meira afgerandi ef litið er á fjölda stúdenta sem hlutfall af fjölda tvítugra. Árið 1975 var hlutfallið 22 fyrir bæði stúlkur og piltar en 2003/04 var það 77 hjá stúlkum en 45 hjá piltum.

Mynd 6. Brautskráðir stúdentar í hlutfalli af fjölda tvítugra

Figure 6. Students passing matriculation examination as percentage of 20-year-olds



Karlar í meirihluta brautskráðra
á háskólastigi 1975 – í dag eru
það konur

Samfelld skráning brautskráninga af hálfu Hagstofu hófst með skólaárinu 1995/96, því er samanburður aftur til 1975 takmörkunum háður. Árið 1975 voru tveir háskólar sem brautskráðu nemendur, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands. Karlar voru í miklum meirihluta brautskráðra frá Háskóla Ísland á þeim tíma en

konur í meirihluta brautskráðra frá Kennaraháskólanum. Hlutfall kvenna af brautskráðum frá þessum skólum samanlagt var 24% árið 1975 en komið í 50% árið 1985. Skólaárið 1995/96 voru konur í meirihluta brautskráðra á háskólastigi eða 59% og skólaárið 2003/04 voru þær 64%.

Karlar í meirihluta skólastjórnenda

Karlar eru í meirihluta skólastjórnenda á öllum skólastigum nema leikskólastigi þar sem konur sjá um stjórnina. Árið 1975 voru níu af hverju tíu skólastjórum á grunnskólastigi karlar en tæplega sex af tíu árið 2004. Ekki eru tiltækar tölur eins langt aftur um skólastjóra á framhaldsskólastigi en 1995 og 2004 voru konur fimmtungur skólastjóra þar. Á háskólastiginu komu konur ekki að stjórnun háskóla fyrr en á allra síðustu árum og eru nú tvær konur í hópi ellefu rektora.

Konur 6% háskólakennara 1975 en 34% árið 2004

Konur hafa lengi verið í miklum meirihluta kennara á leikskólastigi (96% 2004) og grunnskólastigi (73% 1995 og 79% 2004) en karlar hins vegar í meirihluta kennara á öðrum skólastigum. Nú er þó svo komið að jafnt er af hvoru kyni meðal framhaldsskólakennara. Árið 1975 voru konur aðeins 6% háskólakennara (prófessora, dósentar og lektora) en voru 34% þeirra árið 2004. Færri konur en karlar vinna sem sérfræðingar í vísindum en þeim fer þar fjölgandi. Árið 2003 voru konur 39% sérfræðinga við rannsóknir og þróun.

Vinumarkaður


Atvinna

Atvinnuþátttaka kvenna úr 60% 1975 í 76% 2004

Sambærilegum upplýsingum um vinnumarkaðinn fyrir tímabilið sem hér um ræðir er því miður áfátt þar sem þær rannsóknir sem fyrir liggja hafa verið gerðar með ólíkum hætti. Reglubundnar vinnumarkaðsrannsóknir Hagstofu hófust árið 1991. Tiltækar tölur gefa þó hugmynd um þróunina. Lítil breyting hefur orðið á atvinnuþátttöku karla á tímabilinu. Hún hefur verið 85–88% en hins vegar hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist til muna eða úr 60% árið 1975 í 76% árið 2004. eru konur nú 47% vinnuafslins. Lítið atvinnuleysi var hér á landi árin 1975 og 1985 en árið 1995 var atvinnuleysi tæp 5% hjá báðum kynjum og um 3% árið 2004.

Mynd 7. Atvinnuþátttaka 1975–2004

Figure 7. Labour force participation rates 1975–2004



63% kvenna í fullu starfi

Hlutastörf eru mun algengari hjá konum en körlum en fjöldi kvenna í fullu starfi fer vaxandi. Árið 1983 töldust 39% kvenna fullvinnandi (unnu 40–52 vikur á árinu) og 86% karla, 1995 voru 52% kvenna í fullu starfi (35 stundir eða meira á viku) og 63% árið 2004 samanborið við 90% karla.

Meðalvinnutími karla lengri en kvenna en munurinn milli kynja fer minnkandi

Árið 1995 unnu karlar að meðaltali í 50 stundir á viku en konur í 35 stundir. Árið 2004 fækkaði vinnustundum karla í 47 stundir en jókst hins vegar hjá konum í 36 stundir. Ef eingöngu er litið til fólks í fullu starfi unnu karlar að meðaltali í 50 stundir á viku árið 2004 og konur í 43 stundir. Dregið hafði úr vinnutíma hjá körlum um þrjár stundir og konum um eina frá árinu 1995.

Skipting kynja eftir starfsstéttum og atvinnugreinum gefur til kynna að vinnu- markaðurinn er enn kynskiptur. (Sjá nánar *Konur og karlar 2004*).

Samtök á vinnumarkaði

Fáar konur í stjórn samtaka vinnuveitenda


Engin kona kom að stjórn Vinnuveitendasambands Íslands árin 1975 og 1985. Hjá arftökum þess, Samtökum atvinnulífsins, var hlutur kvenna áberandi lítill árið 2004 en jókst heldur í ár og eru konur nú 8% þeirra sem eru í fulltrúaráði (100 manna), 20% stjórnarmanna og tvær konur sitja í sjö manna framkvæmdastjórn (29%).

Miklar breytingar innan samtaka launþega

Þær tölur sem hér er stuðst við um félagsmenn og stjórnir helstu launþegasamtaka eru úr mismunandi heimildum og ná ekki alfarið til viðmiðunaráranna, 1975, 1985 o.s.frv. Árin 1971–1972 voru konur innan við helmingur félagsmanna í helstu samtökum launþega eða 38% hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), 42% hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), 48% hjá Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) og aðeins 9% félagsmanna Bandalags háskólamanna (BHM). Á þessum tíma var hlutur kvenna í stjórnnum samtakanna rýr en aðeins 7% stjórnarmanna í ASÍ voru konur og engin kona var í stjórn BSRB, BHM eða SÍB. Þessi mynd átti eftir að breytast verulega og eftir því sem atvinnuþátttaka kvenna jókst fjölgaði konum í launþegahreyfingunni og eru þær nú helmingur félagsmanna ASÍ og yfir 70% félagsmanna BSRB, BHM og SÍB auk Kennarasambands Íslands.

Mynd 8. Hlutfall kvenna í nokkrum launþegasamtökum 1972 og 2005

Figure 8. Percent of women in a few labour organizations 1972 and 2005



Skýring Note: Translation see table 5.

Stjórnir launþegasamtaka endurspegla ekki kynjaskiptingu félagsmanna

Karlar voru lengst af í meirihluta í stjórnnum launþegasamtakanna en konur hafa sótt þar á og eru nú 57–58% stjórnarmanna í BHM, KÍ og SÍB. Hins vegar eru konur 27% stjórnarmanna ASÍ og 35% stjórnarmanna BSRB svo enn vantar á að stjórnirnar endurspegli félagatalið.

Laun og tekjur

Upplýsingum ábótavant

Upplýsingum er ábótavant þegar skoða á þróun launa með samræmdum hætti hjá konum og körlum tímabilið 1975–2005. Margar skýrslur og kannanir hafa verið gerðar á tímabilinu um launamál kynja og hafa niðurstöður þeirra sýnt að konur hafi lægri laun en karlar. Hefur hluti launamunarins verið skýrður með mismunandi vinnutíma kvenna og karla, störfum, menntun o.fl. Hér verður ekki vikið frekar að þessum gögnum heldur gerð grein fyrir nokkrum opinberum tölum sem fyrir liggja um laun og tekjur kvenna og karla tímabilið 1975–2005 og sérstaklega lítið á stöðuna í dag þar sem ítarlegra efni er nú fyrir hendi en áður.

Stórt bil milli atvinnutekna kvenna og karla

Stórt bil er enn milli atvinnutekna kvenna og karla. Árið 1980 voru konur með 47% af atvinnutekjum karla, 52% árið 1995 og 63% árið 2004. Ekki er tekið tillit til vinnutíma í tölum um atvinnutekjur.


Lítill sem engin breyting á kynjamun meðaltímakaups síðustu 30 árin

Lítill breyting hefur orðið síðustu 30 árin á hlutfallslegum kynjamun meðaltímakaups meðal verkafólks og afgreiðslufólks á höfuðborgarsvæðinu. Með meðaltímakaupi er átt við öll laun deilt með öllum tímum.

Verkakonur voru með 76% af meðaltímakaupi verkakarla árið 1975. Hlutfallið hækkaði í 87% 1985 en lækkaði síðan 1995 og var 82% árið 2004. Er staðan enn lakari hjá afgreiðslukonum en meðaltímakaup þeirra var 74% af meðaltímakaupi karla við afgreiðslustörf árið 1985 og lækkaði í 71% árið 1995 og var 72% árið 2004. Þess ber að geta að vinnutími kynjanna er ólíkur og vægi yfirvinnu í meðaltímakaupi meira hjá körlum en konum.

Mynd 9. Meðaltímakaup kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla 1975–2004

Figure 9. Gross hourly earnings of women as percent of men's earnings 1975–2004



Skýring Note: Verkafólk og afgreiðslufólk. Unskilled workers and commercial clerks.

Stjórnendur – konur með 70% af meðaltímakaupi karla


Árið 2004 var meðaltímakaup kvenna á almennum markaði 78% af meðaltímakaupi karla. Hæst hlutfall eftir starfsstétt var hjá konum meðal iðnaðarmanna eða 91% og næsthæst meðal sérfræðinga 86%, en lægst meðal tækna og sérmenntaðs starfsfólks 63% og þá stjórnenda, 70%.

Launamunur kynja meiri í heildarlaunum en dagvinnulaunum

Hvort sem litið er til reglulegra launa eða heildarlauna á almennum markaði þá voru konur með 76–77% af launum karla árið 2004. Sambærilegt hlutfall hjá BSRB var hærra hvað varðar taxtalaun bæði árin 1995 og 2004 en hlutfallið lækkaði á milli ára úr 92% í 88%. Heildarlaun kvenna voru hins vegar um 72% af launum karla bæði þessi ár. Lítinn munur er að finna á dagvinnulaunum kvenna og karla meðal framhaldsskólakennara en heildarlaun kvenna voru 87% af heildarlaunum karla árið 2004.

Mynd 10. Laun kvenna í hlutfalli af launum karla 2004

Figure 10. Women's earnings as percent of men's earnings 2004



Skýringar Notes: Karlar = 100. Men = 100. Translation see table 6.

Áhrifastöður

Árið 1975 komu konur afar lítið við sögu í áhrifastöðum. Sú staða hefur vissulega breyst umtalsvert síðan en enn eru karlar í miklum meirihluta næstum hvert sem litið er.

Konur 5% þingmanna og 4% sveitarstjórnarmanna árið 1975


Konur voru aðeins 5% alþingismanna og 4% sveitarstjórnarmanna árið 1975 og engin kona sat þá í ríkisstjórn. Tíu árum síðar eða 1985 voru konur orðnar 15% þingmanna og 12% sveitarstjórnarmanna og ein kona var í ríkisstjórn auk þess sem Vigdís Finnbogadóttir sat þá á forsetastóli en hún hafði verið kosin 1980. Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2002 voru konur 31% sveitarstjórnarmanna og 30% þingmanna eftir kosningar til Alþingis árið 2003 en vegna breytinga í þingliði í haust eru þær nú þriðjungur þingmanna. Í dag eiga þrjár konur sæti í tólf manna ríkisstjórn.

Árið 1971 voru konur 3% þeirra sem sátu í opinberum nefndum og ráðum og er það hlutfall nú komið í tæp 30%. Lengst af gegndu einungis karlar störfum ráðuneytisstjóra, sendiherra og hæstaréttardómara svo fátt eitt sé talið. Árið 1995 voru konur komnar í þær stöður einnig. Í dag eru tvær konur ráðuneytisstjórar, og

aðrar tvær hæstaréttardómarar og ein kona gegnir starfi sendiherra (3%). Þrjár aðrar konur hafa verið skipaðar sendiherran en hafa ekki tekið enn til starfa.

Mynd 11. Konur á Alþingi, í sveitarstjórnun og ríkisstjórn 1975–2005, %

Figure 11. Women in parliament, local government and as government ministers 1975–2005



Árið 1976 voru tæplega níu af hverjum tíu forstöðumönnum ríkisstofnana karlar. Í dag eru þeir heldur færri hlutfallslega eða tæplega átta af hverjum tíu (77%).

Erfitt er um vik að bera saman stöðu kynja í atvinnurekstri yfir tímabilið 1975–2005 þar sem tölur þar að lútandi eru af skornum skammti. Árið 2004 voru konur 22% stjórnarmanna og einnig 22% stjórnarformanna í fyrirtækjum hér á landi og er það óbreytt frá 1999. Þá voru þær 18% framkvæmdastjóra sem er aukning úr 15% árið 1999. Í september í ár voru konur 4% stjórnarmanna í félögum í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands.

Hlutfall kvenna meðal blaðamanna hefur hækkað úr 19% 1973 í 34% 2004. Ein kona var vígður prestur 1975, árið 2004 voru konur fjórðungur þjónandi presta.

English summary

United Nations declared the year 1975 an International Women's Year. The aim was to promote equality, development and peace. In Iceland the status of women and men was analysed and proposals put forward to promote gender equality. On the 24th of October 1975 thousands of Icelandic women went on strike to stress the importance of their share of work in the society.

Here statistics are used to see how the status of women and men has developed during the period 1975-2005. The age structure, family conditions and lifestyle has changed affecting men and women differently. Women are now 63% of students and graduates at tertiary level and their labour force participation rate has increased from 60% to 76%. Over 90% of children 3-5 years old are in day-care and maternity/paternity leave is now the same for both parents. The labour market is still gender segregated and gender pay-gap has not been closed. Four out of five board members and managers of enterprises are men. Women have increased their share in decision making positions but remain a minority there.

Tafla 1. Mannfjöldi
Table 1. Population

	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men
Mannfjöldi 31. desember í þús. <i>Population 31 Dec., in thous.</i>	108	110	120	121	133	134	146	147
Hlutfallsleg skipting mannfjöldans, % <i>Age distribution, %</i>								
0–19	40	41	34	35	32	33	29	30
20–64	50	51	54	56	56	57	58	59
65–	10	8	11	9	12	10	13	11
Lifandi fæddir <i>Live births</i>	2.134	2.250	1.952	1.904	2.048	2.232	2.058	2.176
Frjósemishlutfall <i>Total fertility rate</i>	2,6	•	1,9	•	2,1	•	2,0	•
Meðalaldur mæðra/ feðra, öll börn <i>Mean age of mothers/fathers, total</i>	26	...	27	29	29	31	30	32
Meðalaldur mæðra/ feðra, fyrsta barn <i>Mean age of mothers/fathers, first child</i>	22	...	23	26	25	28	26	29
Viðtakendur greiðslna í fæðingarorlofi <i>Recipients of paym. / maternity/patern. leave</i>	•	•	•	•	•	•	6.608	5.625
Hjónavígslur <i>Marriages</i>	1.689		1.252		1.238		1.472	
Hjónavígslur á 1.000 íbúa <i>Marriages per 1,000 pop.</i>	7,7		5,2		4,6		5,0	
Meðalaldur brúðhjóna, fyrsta hjónavígsla <i>Mean age of spouses, first marriage²</i>	23	25	24	26	28	30	31	34
Lögskilnaðir <i>Divorces</i>	397		527		472		552	
Lögskilnaðir pr. 1.000 íbúa <i>Divorces per 1,000 pop.</i>	1,8		2,2		1,8		1,9	
Kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð, % ³ <i>Nuclear families by type, %³</i>								
Hjón án barna <i>Couples without children</i>	29		33		36		34	
Hjón með börn <i>Couples with children</i>	56		45		34		33	
Óvígð sambúð án barna <i>Cohabiting without children</i>	1		2		4		4	
Óvígð sambúð með börn <i>Cohabiting with children</i>	3		8		14		12	
Einstæðir foreldrar með börn <i>Single parents with children</i>	10	1	11	1	11	1	15	1
Ófrjósemisaðgerðir <i>Sterilizations</i>	201	–	595	31	553	87	365 ⁴	262 ⁴
Fóstureyðingar <i>Abortions</i>	274	•	705	•	807	•	908 ⁵	•
Meðalævilengd við fæðingu <i>Average life expectancy at birth^{1,2}</i>	77,5	71,6	79,9	74,1	80,8	76,3	82,7	79,2

¹ 2004

² 1971–75; 1981–85; 1991–95.

³ Til kjarnafjölskyldu teljast hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 15 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 15 ára og yngri. Þetta á við 1975, 1985 og 1995 en frá og með 1999 teljast börn 16 og 17 ára einnig með kjarnafjölskyldum. *A nuclear family refers to all couples (married and in a consensual union), their children 15 years and under, single men and women who live with their children 15 years and under as well as those children. This applies 1975, 1985 and 1995 as of 1999 children 16 and 17 years old are also included.*

⁴ 2003

⁵ Bráðabirgðatölur. *Preliminary.*

Heimild *Source:* Hagstofa Íslands. *Statistics Iceland.*

Tafla 2. Heilsa
Table 2. Health

	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men
Daglegar reykingar, hlutfall 15–79 ára, % <i>Daily smoking, percent of 15–79 years, %</i>	31 ²	36 ²	27	27	19	22
Yfir kjörþyngd, hlutfall 15–74 ára, % <i>Overweight, percent of 15–74, %</i>	34 ³	39 ³	39 ⁴	57 ⁴
Of feitir, hlutfall 15–74 ára, % <i>Obese, percent of 15–74, %</i>	9 ³	7 ³	12 ⁴	13 ⁴
Krabbamein, ný tilfelli á ári <i>Cancer, annual number of new cases⁵</i>	302	276	410	410	521	553	592	595
Krabbamein, ný tilfelli á 100.000 íbúa <i>Cancer new cases per 100.000 pop.^{5,6}</i>	238	223	268	276	289	312	302	309
Sjúkrahúslegur á 1.000 íbúa (alm. deildir) <i>Discharges from hospitals per 1,000 pop⁷</i>	195	132	251	155	211 ⁸	146 ⁸	196 ⁹	126 ⁹
Örorkulífeyris- og örorkustyrkþegar, % af aldurshópi 16–66 ára <i>Recipients of disability pension and allow. % of agegroup 16–66</i>	6	4	8	5
Dánir alls <i>Deaths, total</i>	605	807	766	886	940	983	861	963
Dánir á 1.000. íbúa <i>Deaths per 1,000 pop.</i>	6	7	6	7	7	7	6	7
Helstu dánarorsakir, fjöldi látinna á 100.000 íbúa: <i>Main causes of death. Deaths per 100,000 pop.:</i>								
Illkynja æxli <i>Malignant neoplasms</i>	139	153	154	183	178	175	176 ⁹	164 ⁹
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi <i>Diseases of the circulatory system</i>	234	324	296	348	279	337	245 ⁹	261 ⁹
Ytri orsakir áverka og eitrana (slys o.fl) <i>External causes of injury and poisoning</i>	39	98	20	64	39	74	26 ⁹	45 ⁹
þ.a. sjálfsvíg <i>of which suicides</i>	7	13	6	21	4	16	4 ⁹	14 ⁹

¹ 2004 nema annað sé tilgreint. 2004 unless noted.

² 1987

³ 1990

⁴ 2002

⁵ 1974–78; 1984–88; 1994–1998; 1999–2003

⁶ Aldursstaðlað árlegt nýgengi af 100.000. *Age-adjusted standardized incidence rate per 100,000 population.*

⁷ 1975, 1985: Almenn sjúkrahús. *General hospitals.*

⁸ 1994

⁹ 2003

Heimild *Source:* Hagstofa Íslands; Tryggingastofnun ríkisins; Landlæknisembættið (Heilbrigðisskýrslur 1975 og 1985); NOMESCO (Health Statistics in the Nordic Countries 2003). *Statistics Iceland; State Social Security Institute; Directorate of Health (Public Health Reports 1975 and 1985); NOMESCO (Health Statistics in the Nordic Countries 2003).*

Tafla 3. Menntun
Table 3. Education

Hlutföll, % <i>Percentage</i>	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>
Nemendur <i>Students</i>								
Börn á leikskólum, 0–2 ára, % af aldurshópi <i>Children in pre-primary inst. 0–2 years, % of agegroup</i>				12 ²		23	38	39
Börn á leikskólum, 3–5 ára, % af aldurshópi <i>Children in pre-primary inst. 3–5 years, % of agegroup</i>				60 ³		83	93	95
Nemendur á framhaldsskólastigi <i>Students at upper secondary level</i>	49	51	46	54	48	52	51	49
Nemendur á háskólastigi <i>Students at tertiary level</i>	48	52	52	48	58	42	63	37
Nemendur erlendis <i>Students abroad</i>	33 ⁴	67 ⁴	40	60	42	58	48	52
Brautskráðir <i>Graduates</i>								
Brautskráðir stúdentar <i>Students passing matriculation examination</i>	50	50	58	42	60	40	63	37
Brautskráningar á háskólastigi <i>Graduations at tertiary level</i>	24 ⁵	76 ⁵	50 ⁶	50 ⁶	59	41	64	36
Doktorar útskrifaðir á Íslandi og erlendis <i>PhD graduations in Iceland and abroad</i>	30	70	45	55
Skólustjórar, skólameistarar, rektorar <i>Headmasters, principals, presidents</i>								
Leikskólar <i>Pre-primary institutions</i>	99	1
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	9	91	14	86	29	71	44	56
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	20	80	19	81
Háskólar <i>Tertiary level schools</i>	–	100	–	100	–	100	18	82
Kennarar <i>Teachers</i>								
Leikskólar <i>Pre-primary institutions</i>	96	4
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	73	27	79	21
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	46 ⁷	54 ⁷	50	50
Prófessorar, dósentar, lektorar <i>Tertiary level, prof. assoc. prof. assist. prof</i>	6	94	12 ⁸	88 ⁸	25 ⁷	75 ⁷	34	66
Háskólar, aðrir kennarar <i>Tertiary level, other teachers</i>	15	85	23 ⁸	77 ⁸	47	53
Störf að vísindum <i>Research and development</i>								
Starfandi fólk við rannsóknir og þróun, alls <i>Employed pers. in R&D, total</i>	37 ⁹	63 ⁹	43 ¹⁰	57 ¹⁰
þ.a. sérfræðingar <i>of which researchers</i>	33 ⁹	67 ⁹	39 ¹⁰	61 ¹⁰

¹ 2004

² Leikskólar og dagheimili. Sambærileg tala 1981, 9%. *Comparable figure 1981, 9%.*

³ Leikskólar og dagheimili. Sambærileg tala 1981, 52%. *Comparable figure 1981, 52%.*

⁴ 1977

⁵ Brautskráðir frá Háskóla Íslands 1970/71–1974/75 (árlegt meðaltal) og Kennaraháskóla Íslands 1975. *Graduates from University of Iceland and The Iceland University of Education.*

⁶ Brautskráðir frá Háskóla Íslands 1980/81–1984/85 (árlegt meðaltal) og Kennaraháskóla Íslands 1985. *Graduates from University of Iceland and The Iceland University of Education.*

⁷ 1996

⁸ 1982–1983

⁹ 1999

¹⁰ 2003

Heimild *Source:* Hagstofa Íslands; Menntamálaráðuneytið (Skrá yfir starfandi skólustjóra og kennara 1974–1975; 1984–1985), (Árbók menntamálaráðuneytisins 1983). *Statistics Iceland and The Ministry of Education (Active headmasters and teachers 1974–1975; 1984–1985; Yearbook of the Ministry of Education 1983).*

Table 4. Atvinna
Table 4. Employment

	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men
Atvinnuþátttaka (16–74 ára), % <i>Economic activ. rate 16–74 years, %</i>	60	...	72	86	78	88	76	85
Hlutfall starfandi í fullu starfi (35+ klst. á viku) <i>Percent of employed full-time (35+ hours per week)</i>	39 ²	86 ²	52	88	63	90
Hlutfall starfandi í hlutastarfi (<35 klst. á viku) <i>Percent of employed part-time (<35 hours per week)</i>	61 ³	14 ³	48	12	37	10
Meðalfjöldi vinnustunda á viku <i>Average working hours per week</i>	35	50	36	47
Meðalfjöldi vinnustunda á viku, fullt starf <i>Average working hours per week, full-time</i>	44	53	43	50
Atvinnuleysi, % <i>Rate of unemployment, %⁴</i>	0,4	0,3	1,3	0,6	4,9	4,8	2,9	3,2

¹ 2004

² Giftar konur og kvæntir karlar sem unnu 40–52 vikur á árinu 1983. *Married people working 40–52 weeks in 1983.*

³ Giftar konur og kvæntir karlar sem unnu undir 40 vikum á árinu 1983. *Married people working less than 40 weeks in 1983.*

⁴ Skráð atvinnuleysi árin 1975 og 1985. *Registered unemployment 1975 and 1985.*

Heimild Source: Hagstofa Íslands; Konur hvað nú? Reykjavík 1985. *Statistics Iceland; Women what now? Reykjavík 1985.*

Tafla 5. Samtök á vinnumarkaði
Table 5. Labour market associations

Hlutföll, % <i>Percentage</i>	1975 ¹		1985 ²		1995		2005 ³	
	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men	Konur Women	Karlar Men
Samtök atvinnulífsins, SA Confederation of Icelandic Employers⁴								
Fulltrúaráð <i>Board of representatives</i>	–	100	–	100	8	92
Stjórn <i>Board of directors</i>	–	100	–	100	20	80
Framkvæmdastjórn <i>Executive board</i>	–	100	–	100	29	71
Launþegasamtök Labour federations								
Félagsmenn Members								
ASÍ <i>Icelandic Federation of Labour</i>	38	62	46	54	47	53	50	50
BSRB <i>Federation of State and Municipal Employees</i>	42	58	61	39	67	33	70	30
BHM <i>Association of Academics</i>	9	91	22	78	68	32	77	23
KÍ <i>Teachers' Association of Iceland</i>	•	•	71	29	75	25
SÍB <i>Union of Icelandic Bank Employees</i>	48	52	70	30	75	25	71	29
Stjórnir Boards								
ASÍ <i>Icelandic Federation of Labour</i>	7	93	33	67	33	67	27	73
BSRB <i>Federation of State and Municipal Employees</i>	–	100	–	100	43	57	35	65
BHM <i>Association of Academics</i>	–	100	20	80	52	48	57	43
KÍ <i>Teachers' Association of Iceland</i>	•	•	45	55	47	53	58	42
SÍB <i>Union of Icelandic Bank Employees</i>	–	100	46	54	29	71	57	43

¹ 1971–72

² 1984

³ 2003–2005

⁴ 1975 og 1985: Vinnuveitendasamband Íslands, forveri SA. *1975 and 1985: Confederation of Icelandic Employers former to SA.*

Heimild Source: Hagstofa Íslands; Jafnrétti kynjanna. Reykjavík 1975; Skýrsla Kvennaárnefndar. Reykjavík 1977; *Statistics Iceland; Equality of Men and Women in Iceland. Reykjavík 1975; Report of the Women's Year Committee. Reykjavík 1977.*

Tafla 6. Laun og tekjur
Table 6. Earnings

Hlutföll, % <i>Percentage</i>	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>
Atvinnutekjur <i>Income from employment</i>	2	...	49	100	52	100	63	100
Meðaltíma kaup verkafólks á höfuðborgarsvæðinu <i>Gross hourly earnings, unskilled workers, capital area</i>	76	100	87	100	81	100	82	100
Meðaltíma kaup afgreiðslufólks á höfuðborgarsvæðinu <i>Gross hourly earnings, commercial clerks, capital area</i>	74	100	71	100	72	100
Regluleg laun, almennur markaður <i>Regular salaries, private market</i>	77	100
Heildarlaun, almennur markaður <i>Total salaries, private market</i>	76	100
Meðaltíma kaup, almennur markaður <i>Gross hourly wages, private market</i>	78	100
Iðnaðarmenn <i>Craft and trade workers</i>	91	100
Sérfræðingar <i>Professionals</i>	86	100
Verkafólk <i>Unskilled machine and specialized workers</i>	82	100
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>	82	100
Þjónustu- sölu- og afgreiðslufólk <i>Service and sales workers</i>	74	100
Stjórnendur <i>Managers</i>	70	100
Tæknar og sérmenntað starfsf. <i>Technicians and associate professionals</i>	63	100
BSRB, taxtalaun <i>Fed. of State and Mun. employ. Salaries</i>	92	100	88	100
BSRB, heildarlaun <i>Fed. of State and Mun. employ. total pay</i>	73	100	72	100
BHM, taxtalaun <i>Assoc. of Academics. Salaries</i>	95	100	90	100
BHM, heildarlaun <i>Assoc. of Academics. Total pay</i>	85	100	91	100
Framhaldsskólakennarar, dagvinnulaun <i>Teachers at upper sec. level, salaries</i>	98	100
Framhaldsskólakennarar, heildarlaun <i>Teachers at upper sec. level, total pay</i>	87	100

¹ 2004.

² 1980: 47%.

Heimild *Source:* Hagstofa Íslands. *Statistics Iceland.*

Tafla 7. Áhrifastöður

Table 7. Power and decision making

Hlutföll, % <i>Percentage</i>	1975		1985		1995		2005 ¹	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>Men</i>
Opinberar stöður <i>Public life</i>								
Alþingi, kjörnir fulltrúar <i>Althing, elected representatives</i> ²	5	95	15	85	25	75	30	70
Ráðherrar (des) <i>Government Ministers (in Dec.)</i>	–	100	9	91	10	90	25	75
Sveitarstjórnir, kjörnir fulltrúar <i>Local government, elected representatives</i> ²	4	94	12	88	25	75	31	69
Bæjarstjórnir, sveitarstjórnir, oddvitar <i>Municipal managers</i>	20	80
Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins <i>Official committees, councils</i>	3 ³	97 ³	9 ⁴	91 ⁴	21 ⁵	79 ⁵	29	71
Ráðuneytisstjórnir <i>Secretary generals of ministries</i>	–	100	–	100	15	85	15	85
Forstöðumenn ríkisstofnana <i>Managers of state institutions</i>	13 ⁶	87 ⁶	20	80	23	77
Sendiherrar <i>Ambassadors</i>	–	100	–	100	5	95	3	97
Dómarar í hæstarétti <i>Judges in Supreme court</i>	–	100	–	100	11	89	22	78
Dómarar hjá héraðsdómstólum <i>Judges in district courts</i>	21	80	29	71
Lögreglumenn <i>Policemen</i>	4 ⁷	96 ⁷	9	91
Fyrirtæki <i>Enterprises</i>								
Stjórnir fyrirtækja, aðalmenn <i>Boards of enterprises, members</i>	22	78
Stjórnarformenn fyrirtækja <i>Chairpersons of boards of enterprises</i>	22	78
Framkvæmdastjórnir fyrirtækja <i>Managers of enterprises</i>	18	82
Stjórnir félaga í Kauphöll Íslands (14 félög), <i>Iceland Stock Exchange, boards of listed comp.</i>	4	96
Annað <i>Other</i>								
Félagsmenn í Blaðamannafél. Ísl. og Fél. Fréttamanna <i>Members of Assoc. of journalists, %</i>	19 ⁸	81 ⁸	25	75	30	70	34	66
Prestar þjóðkirkjunnar <i>National Church ministers, %</i>	18 ⁷	82	25	75

¹ 2003–2005 að mestu leyti. *Mostly.*² Miðað er við úrslit síðustu kosninga. *Figures refer to latest elections.*³ 1971⁴ 1983⁵ 1994⁶ 1976⁷ 1997⁸ 1973

Heimild *Source:* Hagstofa Íslands; Jafnrétti kynjanna. Reykjavík 1975; Konur hvað nú? Reykjavík 1985. *Statistics Iceland. Equality of Men and Women in Iceland. Reykjavík 1975. Women what now? Reykjavík 1985.*

Hagtiðindi **Félags- heilbrigðis- og dómsmál** Statistical Series **Health, social affairs, justice**

90. árgangur nr. 48

ISSN 0019–1078

2005:1

ISSN 1670–4673 (pappír *paper*) • ISSN 1670–4681 (pdf)Verð ISK 500 *Price EUR 6*Umsjón *Supervision* Sigríður Vilhjálmisdóttir • sigridur.vilhjalmsdottir@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series